

MINNISBLAÐ

Efni: Innleiðing snjallmæla, réttindi neytenda og lagaleg viðfangsefni

Dagsetning: 30. janúar 2026

Yfirlit

Þetta minnisblað dregur saman helstu niðurstöður úr greiningu á innleiðingu snjallmæla á Íslandi og í völdum Evrópuríkjum. Snjallmælar eru kynntir sem tæknileg framþróun í þágu orkunýtni og orkuskipta, en nánari skoðun sýnir að þeir fela í sér verulegar breytingar á samningsstöðu neytenda, gagnasöfnun, persónuvernd og valdatengslum á raforkumarkaði.

Innleiðing snjallmæla er víða drifin áfram af tilskipunum ESB og stefnumótun um stafræna umbreytingu orkumarkaða. Íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir því að samræma innlenda framkvæmd að evrópskum reglum þrátt fyrir að íslenskt orkukerfi sé lítið, einangrað og byggji á innlendri framleiðslu. Reynt er að koma því inn hjá almenningi að hann mun hagnast á breytingunum. Rétt hefði verið að spyrja neytendur í upphafi hvort hann kærði sig yfirleitt um snjallmæla og allt sem þeim fylgir. En þarna er fólk ekki spurt, heldur tilkynnt að til standi að setja upp mæla sem fólk þeir hefur ekki beðið um.

Helstu ályktanir

Snjallmælar eru ekki hlutlaus tækni

Snjallmælar eru hluti af stærra kerfi sem byggir á:

- Miðlægri gagnasöfnun og rauntímaupplýsingum.
- Aukinni stjórnun dreifiveitna.
- Markaðsvæðingu og „sveigjanlegri verðlagningu“.
- Mögulegri fjarstýringu eða takmörkun afhendingar.

Tæknin hefur því bein áhrif á friðhelgi einkalífs, samningsstöðu og aðgengi að grunnþjónustu.

Valfrelsi neytenda er takmarkað

Þótt formlega sé vísað til samningsfrelsis er neytandi í reynd án raunhæfra valkosta. Í mörgum ríkjum er uppsetning snjallmæla skyldubundin og neitun getur leitt til aukakostnaðar, lakari þjónustu eða óbeinna þvingana. Þetta vekur spurningar um meðalhóf og réttarríki.

Gagnavernd er veikur hlekkur

Snjallmælagögn eru nákvæmar tímaraðir sem geta gefið til kynna hegðun heimila. Þrátt fyrir GDPR eru víða óljós mörk um:

- Hvaða gögnum má safna.
- Í hvaða tilgangi þau mega vera notuð.
- Hverjir hafa aðgang að þeim.
- Hvort gögn séu endurnotuð í öðrum tilgangi.

Sum ríki hafa brugðist við með strangari reglum (t.d. Þýskaland), en heildarútkoman er ójöfn og oft ófullnægjandi.

Ísland stendur frammi fyrir sérstöku vali

Þrátt fyrir að Ísland sé ekki tengt evrópska raforkumarkaðnum hefur innleiðing ESB-regluverks áhrif á:

- Mælitækni og búnað.
- Gagnasöfnun og miðlun.
- Stjórnýslu og eftirlit.
- Réttindi neytenda.

Spurningin er hvort innleiðing sé byggð á raunverulegri þörf eða fyrst og fremst á regluverksflutningi.

Tillögur

Til að tryggja jafnvægi milli tækniframfara og réttinda neytenda er lagt til að eftirfarandi verði skýrt í lögum:

Skýr afmörkun gagnasöfnunar

Kveða þarf á um:

- Nákvæmni og tíðni gagna.
- Leyfilegan tilgang.
- Aðgangsheimildir.
- Geymslutíma.

Valfrelsi og raunverulegt samþykki

Neytendur þurfa að hafa:

- Rétt til að hafna snjallmæli.
- Rétt til að takmarka gagnaöflun.
- Rétt til að afturkalla samþykki, án viðurlaga.

OFF-rofi á snjallmælum

Gera þarf lagalega kröfu um rofa sem stöðvar rauntímagagnaöflun og tryggir:

- Óháða stjórn neytanda.
- Að engin mismunun sé í verði eða þjónustu.
- Gagnsæi um það hvaða gögn eru send.

Takmörkun gagnadeilingar

Banna skal sjálfvirka deilingu gagna með þriðja aðila nema með sérstöku, upplýstu samþykki.

Styrking öryggiskrafna

Óháð prófun og vottun búnaðar þarf að vera skýr lagaskylda.

Lokaorð

Snjallmælar geta skapað „tækifæri“, en án skýrra laga og virkrar verndar neytenda er hætt á að innleiðingin verði fyrst og fremst í þágu markaðsaðila [seljenda]. Með því að tryggja gagnsæi, raunverulegt valfrelsi og sterka persónuvernd má mögulega byggja upp traust og tryggja að tæknin þjóni almannahag. En til þess að svo megi verða þarf að byrja á því að fá álit neytenda, ekki koma eftir á og tilkynna þeim hvað stendur til. Það er ekki raunverulegt valfrelsi.